

## AUGLÝSING

### um viðbótarsamning við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Búlgaríu.

Hinn 15. desember 2003 var bandaríska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna viðbótarsamnings við Norður-Atlantshafssamninginn frá 4. apríl 1949 um aðild Lýðveldisins Búlgaríu sem gerður var í Brussel 26. mars 2003, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 75, þar sem samningurinn er birtur, 76 og 77 og auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1982, 28/1998, 29/1998, 30/1998, 37/2003, 38/2003, 39/2003, 40/2003, 41/2003 og 42/2003. Alþingi hafði með ályktun 2. desember 2003 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta viðbótarsamninginn. Tilkynnt verður um gildistöku viðbótarsamningsins síðar.

Viðbótarsamningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.  
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2003.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*

### Fylgiskjal.

#### VIÐBÓTARSAMNINGUR

##### við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Lýðveldisins Búlgaríu.

Aðilar Norður-Atlantshafssamningsins sem undirritaður var í Washington 4. apríl 1949

hafa fullvissað sig um að öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu mundi aukast við að lýðveldið Búlgaríu gerist aðili að samningnum

og hafa því orðið ásattir um eftirfarandi:

#### I. gr.

Við gildistöku viðbótarsamnings þessa skal framkvæmdastjóri Norður-Atlantshafsbandalagsins fyrir hönd allra aðila bjóða ríkisstjórn Lýðveldisins Búlgaríu að gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningnum. Samkvæmt 10. gr. samningsins verður lýðveldið Búlgaríu aðili þann dag sem það afhendir ríkisstjórn Bandaríkjá Ameríku aðildarskjal sitt.

#### PROTOCOL

##### to the North Atlantic Treaty on the Accession of the Republic of Bulgaria

The Parties to the North Atlantic Treaty, signed at Washington on April 4, 1949,

Being satisfied that the security of the North Atlantic area will be enhanced by the accession of the Republic of Bulgaria to that Treaty,

Agree as follows:

#### Article I

Upon the entry into force of this Protocol, the Secretary General of the North Atlantic Treaty Organisation shall, on behalf of all the Parties, communicate to the Government of the Republic of Bulgaria an invitation to accede to the North Atlantic Treaty. In accordance with Article 10 of the Treaty, the Republic of Bulgaria shall become a Party on the date when it deposits its instrument of accession with the Government of the United States of America.

II. gr.

Viðbótarsamningur þessi skal öðlast gildi þegar allir aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum hafa tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku um staðfestingu sína á honum. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku skal tilkynna öllum aðilum Norður-Atlantshafssamningsins hvenær henni berst hver einstök slík tilkynning, svo og hvenær viðbótarsamningur þessi öðlast gildi.

III. gr.

Viðbótarsamning þennan, sem gerður er á ensku og frönsku þannig að báðir textar eru jafngildir, skal varðveita í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku. Sú ríkisstjórn skal senda ríkisstjórnnum allra aðila Norður-Atlantshafssamningsins staðfest eftirrit af viðbótarsamningnum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar með umboði skrifað undir viðbótarsamning þennan.

Undirritaður í Brussel 26. mars 2003.

Article II

The present Protocol shall enter into force when each of the Parties to the North Atlantic Treaty has notified the Government of the United States of America of its acceptance thereof. The Government of the United States of America shall inform all the Parties to the North Atlantic Treaty of the date of receipt of each such notification and of the date of the entry into force of the present Protocol.

Article III

The present Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited in the archives of the Government of the United States of America. Duly certified copies thereof shall be transmitted by that Government to the Governments of all the Parties to the North Atlantic Treaty.

In witness whereof, the undersigned plenipotentiaries have signed the present Protocol.

Signed at Brussels on the 26th day of March 2003.